



Stefna FB í alþjóðamálum á sviði starfsmenntunar

Sýn, hlutverk, gildi og stefnumið almennt

Sýn FB er sú að efla einstaklinga til þess að skapa framtíðina. Hlutverk skólans er að mennta nemendur til lokaprófs og gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur. Hin fjögur stefnumið fyrir allt starf skólans eru: Í fyrsta lagi að sérhver nemandi nái árangri í námi sínu, í öðru lagi að hlúa að athafnagleði, samvinnu og ábyrgum lífsmáta nemenda og starfsfólks, í þriðja lagi að vinna af heilindum, með fagmennsku, gagnsæi og ráðdeild að leiðarljósi og í fjórða lagi að rækta tengsl við samfélagið innan lands og á heimsvísu.

Stefnumið um alþjóðasamstarf á sviði starfsmenntunar

FB er stór og vaxandi verkmenntaskóli. Gæði verkmenntunar hér á landi eru mikil í alþjóðlegu samhengi. Námið veitir breiðan og traustan grunn til undirbúnings atvinnuþátttöku í viðkomandi starfsgrein og hafa íslenskir iðnaðarmenn getið sér gott orð í nágrannalöndum.

Við viljum veita verknámsnemendum tækifæri til að víkka út reynslu sína með því að gefa þeim kost á að stunda hluta af námi sínu erlendis, í gegnum nemendaskipti. Sem lið í þessu starfi leggjum við áherslu á að veita nemendum góðan undirbúning í a.m.k. tveimur erlendum tungumálum, ensku og norðurlandamáli. Litið er á nemendaskiptin sem megin stoð í alþjóðastarfi skólans á sviði verkmenntunar.

Við leggjum einnig áherslu á að kennarar og starfsfólk eigi kost á að heimsækja systurskóla, fyrirtæki og stofnanir erlendis og kynnast þannig því sem efst er á döfinni í faggreininum, svo og aðferðum og áherslum í námi, kennslu og miðlun á hverjum stað.

Viljum treysta og víkka enn frekar út samstarfsnet okkar við aðra skóla, fyrirtæki og stofnanir í Evrópu og efla þannig stoðir alþjóðlegs starfs í skólanum. Skólinn sendir nemendur í starfsþjálfun í fyrirtækjum erlendis og á móti greiðum við götur erlendra nemenda sem vilja koma í starfsþjálfun í fyrirtækjum hér á landi.

Gagnkvæmar heimsóknir stuðla að auknum gæðum námsins og auka starfsgleði meðal nemenda og starfsfólks. Því lítum við á alþjóðlegt samstarf sem mikilvægan þátt í því að bjóða verknám í hæsta gæðaflokki.

Í skólanum og nærumhverfi verði lögð áhersla á að segja frá hinu erlenda samstarfi og þannig miðla til heimamanna og hagaðila hvernig reynslan hefur opnað augu þátttakenda fyrir nýjum tækifærum og möguleikum.

Stjórnun og skipulag

Verkefnastjóri alþjóðamála starfar á fjármálasviði skólans, er í nánum samskiptum við fagstjóra og kennara verkgreina og situr vikulega stjórnendafundi með yfirstjórn skólans og sviðsstjórum. Þar gefst kostur á að ræða með reglubundnum hætti áherslur og verkefni er varða alþjóðlegt samstarf.

Skólinn hefur byggt upp tengslanet við erlenda skóla. Tengslanet í starfsmenntun er við skóla í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Belgíu, Eistlandi og nú síðast í Svíþjóð. Stefnt er að því að efla tengslanetið enn frekar.

Gæðaeftirlit, tölfraði og umbótastarf

Komið verður á virku gæðaeftirliti með alþjóðastarfi í skólanum. Notuð verða tæki eins og spurningalistar, viðtöl við þátttakendur, svo og eftirfylgni með ábendingum og úrbótatillögum í lokaskýrslum þátttakenda.

ECVET matskerfið verður notað markvisst í tengslum við EuroPass til að meta skólanám og starfsnám nemenda milli stofnana og fyrirtækja.

Unnið verður að því að skilgreina verklag í öllum þáttum er tengjast alþjóðastarfinu, búa til starfsreglur og matsviðmið fyrir einstaka verkþætti.


Hið evrópska sjálfsmatskerfi starfsmenntunar, NQA, verður skoðað og mátað við starfsemi skólans. Athugað verður hvort taka megi það upp í skólanum, eða hvort nota eigi annað kerfi.

Í tengslum við reglubundið gæðaeftirlit og árangursmælingar verður safnað saman tölfraðiupplýsingum um starfsemi skólans á sviði alþjóðamála. Tölfraðiupplýsingarnar og niðurstöður reglubundins sjálfsmats verða nýttar í umbótastarfi til að bæta gæði starfsins.

Aðgerðir og árangursmælikvarðar

- Nemendur í fata- og textílgreinum, húsmíði, rafvirkjun, sjúkraliðanámi og snyrtifræði taka hluta af starfsþjálfun sinni erlendis. Árangursmælikvarði: *Fjöldi nemenda sem fer í starfsþjálfun til útlanda sem hlutfall af heildarfjölda nemenda í viðkomandi námi.*
- Starfsgreinakennarar og annað starfsfólk fer í nám og þjálfun erlendis. Þannig má auka vísýni og hæfni starfsmanna. Árangursmælikvarði: *Fjöldi kennara og annars starfsfólks sem fer í vettvangsheimsóknir erlendis.*
- Skólinn sendir nemendur í iðnnemakeppnir sem haldnar eru reglulega hér innan lands, sem forkeppni að Euro skills og World skills. Þátttaka í keppnunum eykur með nemendum metnað og hjálpar þeim að setja eigin færni og kunnáttu í víðara samhengi. Árangursmælikvarði: *Fjöldi nemenda sem tók þátt í Skills Ísland-keppninnar sem haldin er annað hvert ár.*

Reykjavík, 1. júní 2016



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari